

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Efnahagsyfirlit Seðlabanka Íslands

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Fjárhagur

Tilgangur

Að veita upplýsingar í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðgjaldeyrissjóðsins og lagaskyldu um mánaðarlega birtingu upplýsinga um efnahag Seðlabanka Íslands, samanber lög [nr. 92/2019](#) um Seðlabanka Íslands.

Heimildir

Fjárhagssvið Seðlabanka Íslands, mánaðaryfirlit eru bráðabirgðatölur.

Lagagrundvöllur

Efnahagsyfirlit Seðlabanka Íslands er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, [nr. 3/2006](#), ákvæði laga [nr. 161/2002](#), um fjármálfyrirtæki og reglur [nr. 1088/2005](#) um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

2. Aðferðafræði

Hugtök

Gjaldeyrisforði: Gjaldeyrisforði er skilgreindur í samræmi við alþjóðlega staðla. Gjaldeyrisforði eru erlendar eignir seðlabanka sem eru aðgengilegar til inngripa á gjaldeyrismarkaði eða til að mæta þörfum greiðslujafnaðar við útlönd. Eignirnar verða því að vera auðseljanleg markaðsvara í frjálsum erlendum gjaldeyri. Gjaldeyrisforði Seðlabankans samanstendur af gulleign, SDR (sérstök dráttarréttindi við IMF), gjaldeyrisstöðu hjá IMF, erlendum seðlum og innstæðum auk erlendra markaðsverðbréfa.

Kröfur á fjármálastofnanir eru kröfur bankans á fjármálastofnanir og skiptast þannig:

Lán gegn veði: Lán gegn tryggingu í verðbréfum. Endurhverfir samningar Seðlabanka Íslands við lánastofnanir eru nú til 7 daga í senn. Í endurhverfum verðbréfaviðskiptum lána Seðlabankinn gegn veði í verðbréfum og gengur lánið til baka að 7 dögum liðnum. Lánastofnanir leggja fram hæf verðbréf, þ.e.a.s. ríkistryggð bréf með virkri viðskiptavakt í Kauphöll Íslands sem veð.

Daglán: Lán til fjármálastofnanna sem veitt eru yfir nótt. Daglán eru lán sem mótaðilar í viðskiptum við Seðlabankann geta sótt um að eigin frumkvæði að því gefnu að þeir geti lagt fram veð sem Seðlabankinn metur hæf.

Markaðsverðbréf: Framseljanleg verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðin eru einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem

við á. Sem dæmi um markaðsverðbréf má nefna spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, ríkisvixla, húsbref, húsnæðisbréf, íbúðabréf og hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Húsbref og húsnæðisbréf: Skuldabréf gefin út af íbúðalánasjóði fyrir hönd ríkissjóðs.

Aðrar kröfur gengisbundnar: Kröfur Seðlabankans á fjármálastofnanir í erlendum gjaldmiðli, þ.m.t gjaldmiðlaskiptasamningar.

Gjaldmiðlaskiptasamningar: Gjaldmiðlaskiptasamningur sem kveður á um að samningsaðilar skipti á höfuðstól tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni. Skipst er á höfuðstól í lok samningstíma, en einnig oft í upphafi samnings.

Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir eru brúttókröfur bankans á ríkið og skiptast þannig:

Krafa á ríkissjóð: Skuldabréf gefin út í íslenskum krónum.

Erlend verðbréf: Verðbréf gefin út í erlendum gjaldmiðli.

Ríkisbréf: Markaðsbréf sjá hér að ofan.

Aðrar eignir: Aðrar eignir eru að mestu leyti tilkomnar vegna lána til eigin félaga, hlutdeildar Seðlabankans í eigin félögum og óuppgerðra verðbréfiðskipta.

Eignasafn Seðlabanka Íslands: Í kjölfar falls fjármálafyrirtækja á Íslandi haustið 2008 eignaðist Seðlabanki Íslands umtalsverðar kröfur á innlend fjármálafyrirtæki, sem tryggðar voru með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs í árslok 2008, en Seðlabankinn hafði umsýslu með þessum kröfum. Í lok árs 2009 voru umræddar eignir fluttar í sérstakt félag í eigu Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). ESÍ á eitt dótturfélag, Hildu ehf. (Hildu), sem ESÍ tók yfir á miðju ári 2011. Í upphafi 2014 tók Hilda yfir ákveðna þætti úr starfsemi Dróma hf. Helstu eignir Hildu eru fyrirtækjalán og fasteignir.

Erlendar skuldir til skamms tíma: Skammtímalán sem tekin eru, m.a. í því skyni að styrkja gjaldeyrisforðann. Óuppgerð viðskipti falla einnig hér undir ásamt innstæðum erlendra seðlabanka og alþjóðastofnana á reikningum í Seðlabankanum.

Erlendar skuldir til langs tíma: Skuldir Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum til lengri tíma en eins árs að undanskildum erlendum langtímaskuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS).

Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS): Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (e. IMF) úthlutar sérstökum dráttarréttindum (SDR) til að styrkja gjaldeyrisforða aðildarlanda hans. Þessi dráttarréttindi eru bæði eignfærð og skuldfærð (þ.e. engin greiðsla fer fram). Dráttarréttindin tákna að eigandi þeirra á fullan og óskilyrtan rétt á gjaldeyrisláni eða öðrum gjaldeyrisseignum frá AGS. Aðildarríki geta selt hvort öðru kvótann sinn.

Kvóti sem eignfærist = Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Skuld á móti eignfærðum kvóta = Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Erlendar langtímaskuldir við AGS: Skuldir Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum til lengri tíma en eins árs við AGS.

Seðlar og mynt: Heildarfjárhæð seðla og myntar gefið út af Seðlabanka Íslands.

Innstæður fjármálastofnana: Innstæður fjármálastofnana skiptast í innstæður innlánsstofnana og svo annarra fjármálastofnana. Innstæður innlánsstofnana á viðskiptareikningum í Seðlabankanum þjóna m.a. því hlutverki að uppfylla kröfur sem Seðlabankinn gerir um lágmarks meðalinnstæðu viðkomandi stofnana sem ákveðin er einu sinni í mánuði og miðast við tiltekna skuldaliði viðkomandi stofnunar á hverjum tíma (sjá reglur um bindiskyldu [nr.870 frá 30. september 2015](#) ásamt reglur um breytingu á reglum [nr. 870/2015](#), um bindiskyldu, [nr. 512 9. júní 2016](#)). Einnig þjóna þeir því hlutverki að vera stórgreiðslureikningar þeirra innlánsstofnana sem eru aðilar að stórgreiðslukerfi Seðlabankans. Í ársbyrjun 2004 var bindiskylda annarra fjármálastofnana felld niður.

Innstæðubréf: Skuldabréf útgefin af Seðlabanka Íslands með fyrirfram ákveðnum vaxtakjörum, gefin út til 28 daga í senn. Innstæðubréf eru eingöngu gefin út til innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana og eru ekki framseljanleg nema til annarra sambærilegra stofnana. Hætt var að gefa út innstæðubréf í maí 2014.

Bundin innlán í Seðlabanka: Í boði eru tvönn kona bundin innlán sem eru veðhæf í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Bundin innlán til 7 daga

Á miðvikudögum býður Seðlabankinn bundin innlán til 7 daga. Vextir innlána eru 0,25 prósentum hærrí en vextir á viðskiptareikningum. Innlánin eru bundin í 7 daga og ekki innleysanleg á tímabilinu. Bundin innlán má nota sem veð til tryggingar í greiðslukerfum og daglánum. Seðlabankinn tilkynnir eftir lokun markaða á þriðjudögum hvaða fjárhæð er í boði næsta dag. Mótaðilar sem vilja taka þátt í útboðinu þjóða í fjárhæð en hámarkstilboð er 60% af heildarfjárhæð. Ef tilboð eru hærrí en heildarfjárhæð sem er í boði er skorið hlutfallslega niður, hjá öllum. Bundin innlán til 7 daga hafa verið boðin út vikulega síðan í maí 2014.

Bundin innlán til mánaðar

Fyrsta miðvikudag hvers mánaðar býður Seðlabankinn einnig út bundin innlán til eins mánaðar. Framkvæmdin er að mestu leyti eins og ef um 7 daga bundið innlán er að ræða. Mótaðilar Seðlabankans geta sent inn tilboð til Seðlabankans óski þeir eftir því að taka þátt í útboðum á bundnum innlánum. Seðlabankinn tilkynnir mótaðilum bankans útboðsfjárhæð og hámarks tilboðsfjárhæð. Þátttakendur í útboðinu þjóða í vexti og fjárhæð. Allir þátttakendur í útboðinu fá úthlutað fjárhæðum á sömu vöxtum sem samþykktir eru í hverju útboði, tilboðum með hærrí vöxtum en samþykktum er hafnað. Bundin innlán til eins mánaðar hafa verið boðin út síðan í júní 2014.

Gjaldeyrisreikningar fjármálastofnana: Inneignir á innlendum gjaldeyrisreikningum hjá Seðlabankanum, óbundnar og bundnar til skamms tíma.

Aðrar kröfur: Aðrar kröfur fjármálastofnanna á Seðlabankann.

Gjaldeyrisreikningar fjármálastofnanna í slitameðferð: Inneignir á innlendum gjaldeyrisreikningum hjá Seðlabankanum, óbundnar og bundnar til skamms tíma.

Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs: Inneign ríkissjóðs á viðskiptareikningum í Seðlabankanum.

Viðskiptareikningar ríkisstofnana: Eign annarra ríkisstofnana en ríkissjóðs á viðskiptareikningum í Seðlabankanum.

Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs: Inneignir á innlendum gjaldeyrisreikningum í Seðlabankanum.

Bundnar gjaldeyrisinnstæður ríkissjóðs: Gjalddeyrisinnstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum sem eru með umsömdum binditíma.

Aðrar kröfur: Aðrar kröfur ríkissjóðs og ríkisstofnana á Seðlabanka Íslands.

Aðrir aðilar: Viðskipta-og gjaldeyrisreikningar dótturfyrirtækja, tengdra aðila og annarra aðila.

Gjalddeyrisstaða Seðlabankans: Erlendar eignir til skamms tíma að frádregnum erlendum skuldum til skamms tíma.

Grunnfé: Seðlar og mynt og innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum.

3. Úrvinnsla

Úrvinnsla gagna fer fram í Seðlabankanum í fjárhagskerfinu Navison. Tölur sýna stöðu um síðustu áramót og bráðabirgðastöðu tveggja síðustu mánaða. Hreyfingar eru sýndar innan mánaðar og hreyfingar ársins.

4. Áreiðanleiki gagna

Öll bókhaldsgögn eru uppáskrifuð af til þess bærur prókúruhöfum og berast fjárhagssviði eftir fyrirfram ákveðnum leiðum.

5. Endurskoðun gagna

Þegar ársreikningur Seðlabankans liggur fyrir eru mánaðarleg gögn endurunnin og endurbirt.

6. Tímaraðir og tíðni gagna

Gögn hafa verið birt mánaðarlega í Hagtölum Seðlabankans frá 1. janúar 1994. Birting er einu sinni í mánuði.

7. Birting

Birting er í Hagtölum Seðlabankans.